



Skólanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 9. október 2018, kl. 12. 00. Undirritaðir mættir.

Dagskrá:

1. Skólahald haustannar
 - a. Nemendatölur
 - b. Mannahald
2. Heimavist
3. Nýtt skipurit og aðkoma Gallup
4. Undirbúningur að nýrri námsbraut
5. Fjármál
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

Adolf boðaði forföll, varamaður hans gat ekki komið. Gunnsteinn settir fund og bauð fundarmenn velkomna

1 .

- a. Íris Helma áfangastjóri fór yfir nemendatölur vegna haustannar 2018, eftir brautum og landshlutum. Einnig kynnti hún dreifingu nemenda eftir aldri og kyni. Nemendur eru 453 á haustönn 2018.
- b. Þorkell skólameistari fór yfir starfsmannahald haustannar, starfsmenn eru alls 57 í 48 stöðugildum.

2. Skólameistari sagði frá heimavist FNV, skólinn hefur leigt neðstu hæðina undir starfsfólk sláturhúss KS, en sá aðgangur er lokaður af frá heimavist FNV.

3. Nýtt skipurit skólans var kynnt af skólameistara. Gallup kemur á morgun með námsskeið í starfsmannaviðtölum. Deildarstjórar eru ráðnir til þriggja ára og taka þeir starfsmannaviðtöl hér eftir. Stjórnendur sjá um aðra starfsmenn skv. skipuriti.

4. Skólameistari greindi frá undirbúningi nýrrar námsbrautar. Skólinn fékk styrk frá sóknaráætlun SSNV, til að þróa nýja námsbraut fyrir mjólkuriðnað og matvælagreinar. Haldinn var fundur með stjórnendum frá Kaupfélagi Skagfirðinga og ákveðið var að halda áfram með þróun á tveggja anna námsbraut til að byrja með. Anna Hlín Jónsdóttir hefur verið ráðin sem verkefnastjóri. Þorkell sagði frá samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmanneyjum, einnig sagði hann frá helganám í húsasmíði sem hefst á vorönn 2019.

Póstfang /adress number	Símanúmer /phone	Fax	Netfang/e-mail adress	Kennitala/id-
Bóknámshúsinu 550 Sauðárkrókur	455 8000	455 8099	f nv@f nv.is	431080-0289



5. Guðrún fjárhaldsmaður sagði frá fjárframlögum til skólans vegna ársins 2019 en þau eru, 614,3 m.kr. og fær skólinn greitt fyrir 313 nemendur í fullu námi vegna ársins. Nýtt reiknilíkan tekur gildi í áföngum árin 2018-2021 og þar eru breyttar forsendur um útreikning á nemendaígildum. Einnig greindi Guðrún frá því vegna 2017, skilaði skólinn 8,8 m.kr. í hagnað. Fyrstu 9 mánuðir er áætlað að skólinn skili 14 m.kr. í hagnað. Skólnefnd óskaði skólanum til hamingju með góðan árangur í fjármálum.

6. Þorkell sagði frá því að skólinn sendi nemanda í trésmíði, Þröst Kárason á EuroSkills í Budapest og fór Þorkell ásamt Atla Má trésmíðakennara á þessa keppni, lýsti hann ánægju sinni með þessa keppni, en þarna mæta bestu iðnnemar í Evrópu og keppa í hinum ýmsu iðngreinum. Einnig ræddi hann um dræma aðsókn að verknámi skólans. Umræður urðu um kynningarstarf og hvernig standa á að því. Persónuverndarmál, ráðuneytið hefur ákveðið að það verði einn fulltrúi staðsettur í ráðuneyti fyrir alla skólana. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson heimsækja skólann á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna ytra mats dagana 15. og 16. nóvember en það var síðast gert árið 2013. Íris Helma sagði frá Evrópu verkefni sem hún og Sara Níelsdóttir kennari við FNV eru að taka þátt í. Aðalheiður sagði einnig frá því að starfsbraut FNV er einnig að taka þátt í Evrópuverkefni.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Helga Sigurðardóttir, fundarritari,
Gunnsteinn Björnsson,
Unnur V. Hilmarisdóttir,
Guðný Axelsdóttir,
Íris Helma Ómarsdóttir,
Aðalheiður Reynisdóttir.

Þorkell V. Þorsteinsson,
Ásta Pálmadóttir,
Sæþór Már Hinriksson,
Guðrún Ottósdóttir,

Póstfang /adress number	Símanúmer /phone	Fax	Netfang/e-mail adress	Kennitala/id-
Bóknámshúsinu 550 Sauðárkrókur	455 8000	455 8099	fmv@fmv.is	431080-0289